



**HAFNARFJÖRÐUR**

Velferðarráðuneytið,  
b/t Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík.

Hafnarfirði, 2. janúar 2018  
1506568 HLH

### **Efni: Ósk um fjölgun hjúkrunarrýma við Sólvang**

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2017 var farið fram á fjölgun hjúkrunarrýma við Sólvang í Hafnarfirði. Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 24. júlí 2017, segir: „Ráðuneytið er tilbúið að skoða möguleika á fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu þegar greitt hefur verið úr helstu óvissuþáttum“.

Eins og kunnugt er standa yfir framkvæmdir við byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á lóð Sólvangs og gert er ráð fyrir tengingu við gamla húsnæði Sólvangs. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki síðla sumars 2018 og hægt verði að flytja heimilisfólkið af gamla Sólvangi í nýja hjúkrunarheimlið á haustmánuðum 2018.

Mikilvægt er að geta hafið undirbúning að framkvæmdum við endurbætur á húsnæði gamla Sólvangs sem fyrst svo hægt verði að hefja framkvæmdir strax og flutt hefur verið í nýja húsnæðið. Gert er ráð fyrir allt að 33 hjúkrunarrýmum í endurbættu húsnæði gamla Sólvangs þannig að það standist kröfur um hjúkrunarrými hvað gæði og stærð varðar.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur þegar látið vinna tillögu að frumdrögum varðandi breytingu á húsnæðinu. Mikilvægt er að samþykki fáiast fyrir allt að 33 hjúkrunarrýmum svo hægt sé að setja vinnu af stað við hönnun endurbóta húsnæðisins.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi erindi, dags. 12. júlí 2017, hefur hjúkrunarrýmum fækkað um 20 frá árinu 1999 í Hafnarfirði en á sama tíma hefur fjöldi íbúa 67 ára og eldri nánast tvöfaldast. Samkvæmt upplýsingum frá Hrafnistu er stefnt að því að hefja framkvæmdir við breytingar á núverandi húsnæði Hrafnistu í Hafnarfirði þannig að það standist kröfur um stærð og gæði á hvern heimilismann. Gangi það eftir mun hjúkrunarrýmum halda áfram að fækka í Hafnarfirði komi ekki til nýtt eða endurbætt húsnæði í staðin. Samkvæmt upplýsingum frá Hrafnistu er gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum fækki um allt að 20 við endurbætur á húsnæði Hrafnistu í Hafnarfirði. Gangi það eftir og ekkert verður að gert fækkar hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði um allt 40 frá árinu 1999 þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa.

Ljóst er að kostnaðurinn við endurbætur á eldra húsnæði Sólvangs til að koma þar fyrir 33 hjúkrunarrýmum er mun lægri en kostnaður við byggingu nýs húsnæðis fyrir sama fjölda rýma.





## HAFNARFJÖRÐUR

Með vísan til framanritaðs og erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar til ráðuneytisins, dags. 12. júlí 2017, og svarbréfs ráðuneytisins, dags. 24. júlí 2017, er óskað eftir viðræðum við þig sem allra fyrst með það að markmiði að samþykki fáið fyrir þessum viðbótarrýmum á Sólvangi þannig að hægt verði að setja vinnu við hönnun á breytingunum af stað sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

  
Haraldur L. Haraldsson,  
bæjarstjóri.

Hjálagt: Erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 12. júlí 2017, og svarbréf ráðuneytisins, dag. 24. júlí 2017.





## HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið  
b.t. Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 12. júlí 2017  
1506568 HLH

### Efni: Ósk um fjölgun hjúkrunnarrýma við Sólvang

Vísað er í meðfylgjandi bréf undirritaðs, dags. 17. janúar 2017, til ráðuneytisins og fundar með ráðherra fyrir á þessu ári varðandi fjölgun hjúkrunnarrýma við Sólvang.

Framkvæmdir eru hafnar við nýtt 60 rýma hjúkrunnarheimili á lóð Sólvangs. Hjúkrunnarheimilið mun tengjast eldri byggingu með tengibyggingu. Gert er ráð fyrir hjúkrunnarrýmum fjölgi um eitt með þessari framkvæmd þar sem um flutning verður að ræða af gamla Sólvangi yfir á nýja heimilið. Í dag eru 59 hjúkrunnarrými í gamla húsnæðinu.

Fjöldi hjúkrunnarrýma	Rými 1999	Rými 2016	Breyting 1999/2016	Hlutfallsleg breyting
Hrafnista, Hafnarfirði	146	163	17	
Sólvangur, Hafnarfirði	96	59	-37	
<b>Samtals</b>	<b>242</b>	<b>222</b>	<b>-20</b>	<b>-8,3%</b>
Íbúafjöldi í Hafnarfirði	18.656	28.189	9.533	51%
Íbúar 67 ára og eldri í Hafnarfirði	1.495	2.851	1.356	91%

Heimild: Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands

Eins og taflan hér að framan sýnir hefur hjúkrunnarrýmum í Hafnarfirði fækkað um 20 frá árinu 1999, eða um 8,3%. Á sama tíma hefur íbúum í Hafnarfirði fjölgað um 51% eða úr 18.658 í 28.189 (19. júní 2017 var íbúatalan komin í 29.014). Fjöldi íbúa 67 ára og eldri hefur nánast tvöfaldast á þessu tímabili, farið úr 1.495 íbúum í 2.851 íbúa, eða fjölgun um 91%. Á sama tíma fækkar hjúkrunnarrýmum um 20 rými. Ljóst er að íbúum í Hafnarfirði mun fjölga nokkuð á næstu misserum þar sem verið er að úthluta lóðum fyrir mikinn fjölda íbúða.

Taflan hér að framan sýnir jafnframt að hjúkrunnarrýmum á Hrafnistu hefur fjölgað um 17 en fækkað um 37 á Sólvangi. Fækkunin á Sólvangi kemur til vegna fækkunar íbúa í hverju herbergi. Miðað við þessa fækkun hjúkrunnarrýma og fjölgun íbúa 67 ára og eldri má ætla að mikil þörf sé á fjölgun hjúkrunnarrýma í sveitarfélaginu frá því sem nú er.

Með vísan til framanritaðs hefur Hafnarfjarðarkaupstaður nú þegar hafð undirbúning að tillögum á breytingum á húsnæði gamla Sólvangs þannig að þar verði rekið áfram hjúkrunnarheimili samkvæmt ytrustu kröfum um gæði í samræmi við viðmið



## HAFNARFJÖRÐUR

velferðarráðuneytisins. Úti og inni, arkitektar, hafa verið fengnir til að leggja fram frumhönnun að breytingum á húsnæðinu. Um er að ræða sömu arkitekta og hönnuðu nýja hjúkrunarheimilið að Sólvangi. Vinna við forhönnun og rýmisúttekt hefur verið unnin undir forystu verkefnastjórnar um uppbyggingu hjúkrunarheimilis að Sólvangi sem hefur leitað eftir samráði við fagaðila.

Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir er hægt að koma 11 hjúkrunarrýmum fyrir á hæð miðað við þær stærðarkröfur sem gerðar eru. Jafnframt er gert ráð fyrir annarri starfsemi í húsnæðinu sem tengist þjónustu við aldraðra. Núverandi tillaga gerir ráð fyrir breytingum á tveimur hæðum hússins fyrir hjúkrunarrými, ellefu rými á hvorri hæð, eða samtals 22 rými. Mögulegt væri að breyta þriðju hæðinni þannig að samtals verði í eldri byggingunni 33 hjúkrunarrými. Jarðhæð myndi þá áfram verða nýtt fyrir stoðþjónustu ásamt stjórnunarrými svipað og nú er.

Stefnt er að því að taka nýtt hjúkrunarheimili sem hafin er bygging á í notkun síðla árs 2018. Mikilvægt er að geta hafið breytingar á eldra húsnæði um leið og flutningur í nýtt hjúkrunarheimili hefur átt sér stað. Til að ná því markmiði er mikilvægt að nýta tímann á meðan framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili standa yfir til að hanna breytingar á eldra húsnæði og bjóða framkvæmdina út þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir við endurbætur á eldra húsnæðinu um leið og flutningur í nýtt húsnæði hefur átt sér stað.

Með vísan til framanritaðs er hér með óskað eftir samtali við ráðuneytið um framgang verkefnisins og að ráðuneytið tryggi a.m.k. 22 ný hjúkrunarrými í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarkaupstaður lýsir yfir vilja sínum til viðræðna um að hjúkrunarrými verði 33, í eldra húsinu á Sólvangi, þannig að þau verði samtals 93. Mikill skortur er á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu sem mælir með fjölgun rýma á hjúkrunaheimilinu við Sólvang. Auk þess er fjárhagsleg hagkvæmni fölgin í fjölgun hjúkrunarrýma í elda húsi Sólvangs sem yrði hluti af rekstri nýja heimilisins. Til frekari rökstuðnings er vísað í hjálagt erindi til Framkvæmdasjóðs aldraðra, dags. 12 júlí 2017. Ljóst er samkvæmt því sem þar kemur fram að þörfin er mikil og því mikilvægt að veitt verði heimild fyrir allt að 33 ný hjúkrunarrými við Sólvang.


Það er von okkar í Hafnarfirðinga að ráðherra taki vel í ósk um að eldra hús að Sólvangi verði nýtt áfram undir hjúkrunarrými og stoðþjónustu fyrir aldraða og við teljum að það sé verulegur ávinningur fyrir bæði ríkið og sveitarfélagið að samstaða myndist um þær tillögur sem hér hafa verið settar fram.

Virðingarfyllt,  
  
Haraldur L. Haraldsson,  
bæjarsjórni



Hjálagt: Bréf til Velferðarráðuneytisins, dags. 17. janúar 2017, afrit af erindi til Framkvæmdasjóðs aldraðra, dags. 12 júlí 2017.

Afrit sent þingmönnum Suðvesturkjördæmis.

	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	28/7 2017
Málsnr:	1506-568
Bréfal:	331



Hafnarfjarðarbær  
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 24. júlí 2017  
Tilv.: VEL17010343/05.54.02

**Efni: Svar við erindi um fjölgun hjúkrunarrýma við Sólvang.**

Velferðarráðuneytið hefur móttengið erindi Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 12. júlí 2017, þar sem óskað er eftir samtali við ráðuneytið um fjölgun hjúkrunarrýma á Sólvangi um 22 til 33 hjúkrunararrými og að ráðuneytið tryggi a.m.k. 22 ný hjúkrunararrými í Hafnarfirði.

Ráðuneytið er ætíð að meta þörf fyrir fjölda hjúkrunarrýma og skoða möguleika til fjölgunar þeirra í samræmi við það mat. Ljóst er að þörf er á fjölgun hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu en ýmsir óvissuþættir varðandi fjölgun hjúkrunarrýma á Sólvangi eru fyrir hendi m.a. það sem snýr að fjármögnun og útfærslu verkefnisins eins og það er kynnt í bréfi Hafnarfjarðarbæjar. Ráðuneytið er tilbúið að skoða möguleika á fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu þegar greitt hefur verið úr helstu óvissuþáttum.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

  
Guðrún Sigurjónsdóttir

  
Bryndís Þorvaldsdóttir

